ÞITT EINTAK

# SIRKUS

12. MAÍ 2006 I 19. VIKA




KYNÞOKKAFYLLSTU
## LEIKMENN
LANDSBANKADEILDARINNAR
## AFHJÚPAÐIR

SIF PÉTURSDÓTTIR
## ANN GUNNARI Á HLÍÐARENDA

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
## FRUMSÝNIR Á LITLA-HRAUNI

DIANE PERNET SNÝR AFTUR
## SÁTTARI Í ÞETTA SINN

# REYKJAVÍK ER BELLEVILLE

ANNA CLAUSEN OG BJARNI EINARSSON HAFA OPNAÐ VERSLUNINA BELLEVILLE VIÐ LAUGAVEG. ANNA CLAUSEN ER DANSKUR STÍLISTI OG MIKILL FENGUR FYRIR ÍSLENSKA FATATÍSKU. NAFN VERSLUNARINNAR ÞÝÐIR „FALLEGT HVERFI" OG SEGIR HÚN ÞAÐ EIGA VEL VIÐ REYKJAVÍK.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

# AÐSKILDAR UNGAR – SAMAN Á ÍSLANDI

**COCOROSIE-SYSTURNAR SPILA HÉR Á LANDI NÆSTA MIÐVIKUDAGSKVÖLD. SYSTURNAR EIGA SÉR MERKILEGA SÖGU OG SEMJA TÓNLIST SEM EINNIG ÞYKIR MERKILEG. ÞAÐ ER PAUL LYDON SEM HITAR UPP FYRIR ÞÆR STÖLLUR.**


SYSTURNAR MERKU.

„Þetta eru systur með rosalega skemmtilega sögu," segir Jón Þór Eyþórsson hjá Event um systurnar í sveitinni Cocorosie sem spila á NASA við Austurvöll þann 17. maí. Stúlkurnar hafa vakið mikla athygli fyrir tónlist sína að undanförnu og Íslendingar spenntir.

### AÐSKILDAR Í FJÖLMÖRG ÁR

„Þegar þær voru ungar voru þær aðskildar út af skilnaði foreldra þeirra," segir Jón Þór. „Svo bankaði önnur systirin upp hjá hinni árið 2002 þegar önnur þeirra var að læra úti í París. Þær urðu aftur bestu vinkonur og fóru að vinna í tónlist og úr því varð plata sem var tekin upp í íbúð þeirra. Þær höfðu ekki sést í fjöldamörg ár," segir Jón Þór um systurnar bandarísku. Þær hafa gefið út tvær plötur og hefur sú seinni hlotið einróma lof gagnrýnenda. Þá hafa þær einnig tekið lag með Anthony – úr Anthony and the Johnsons – og lofar hann þær systur í hástert.

### AUKAHLUTIR ÚR DÓTABÚÐ

Með stúlkunum í för verður mennskur beatboxari og þurfti Jón Þór að útvega þeim ýmsa hluti. „Ég þurfti að drattast inn í dótabúð til að finna alls konar dót fyrir þær að nota á sviðinu," segir Jón Þór og hlær. Hann gefur ekki upp hvaða hlutir þetta eru því nær sé að tónleikagestir sjái það með eigin augum. Það verður Paul Lydon sem hitar upp fyrir stúlkurnar. Hann er Bandaríkjamaður sem hefur búið hér á landi síðan 1988. „Það er ekki spurning hvort heldur hvenær verður uppselt."

*soli@minnsirkus.is*


JÓN ÞÓR SEGIR ÞAÐ SPURNINGU UM HVENÆR EN EKKI HVORT VERÐI UPPSELT Á TÓNLEIKANA.

## SIRKUS MÆLIR MEÐ


Sirkus mælir með Landsbankadeildinni í fótbolta sem hefst eftir helgi. Allir að drífa sig á völlinn og styðja sitt lið. Kominn tími til að segja skilið við ensku hlutafélögin og styðja liðin í Landsbankadeildinni.


Sirkus mælir með kvikmyndinni The Inside Man sem sýnd er í Laugarásbíói. Toppræma með Clive Owen, Denzel Washington og Jodie Foster í aðalhlutverkum. Sirkus lofar skotheldri mynd.


Sirkus mælir með þætti Brynjars Más á FM 957 milli 10–14 alla virka daga. Brynjar Már spilar þægilega tónlist fyrir alla aldurshópa og þá dettur hann inn með fréttir af fræga fólkinu inn á milli.


Sirkus mælir með trampólíni í garðinn. Það er enginn of svalur til að leika sér á trampólíni. Um að gera að vippa sér í næstu Europris-verslun og kaupa eitt stykki á 18.900 kr.

SIRKUSÁVARPIÐ

## FLIPPAÐIR FRAMAMENN



Mér hefur alltaf verið illa við fólk sem breytir ímynd sinni. Ég fyrirgef fólki að skipta um starfsvettvang en af hverju þarf það að breyta um persónuleika? Ég þekki nokkra aðila sem hafa allt í einu orðnir alvarlegir og leiðinlegir þegar þeir hafa farið í ungliðapólitík af því að þeir vilja passa upp á ímyndina. Ég hins vegar held að það hafi öfug áhrif á ímyndina þegar menn eru ekki þeir sjálfir. Ef þú ert fyndni gaurinn – vertu þá fyndni gaurinn. Sama hvort þú farir að vinna í banka eða á bensínstöð.

Strákarnir í hljómsveitinni Belju eru flugmenn og flugstjórar. Þeir ferja hundruð manna sem treysta þeim fyrir lífi sínu. Milli þess klæða þeir sig í leðurbúninga og rokka til hins ítrasta. Ég myndi samt fljúga með þessum mönnum heimshornanna á milli – þrátt fyrir að vera fremur flughræddur. Ég veit að þeir vinna vinnuna sína vel. Maður getur notið virðingar þó svo að maður sé grínari. Gott dæmi um það er Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis. Hann hikar ekki við að fara upp á svið og taka lagið í hvert sinn sem hann fer á ball en samt virða hann allir af því að hann sinnir líka starfi sínu vel. Svona eiga menn að vera.

**Sólmundur Hólm**

365

SIRKUS RVK

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
**Ritstjóri:** Sólmundur Hólm
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja


Forsíðumyndina tók Valli af Önnu Clausen og Bjarna Einarssyni

## EFNI

**4** – Sif Pálsdóttir fimleikadrottning tekin á teppið
**6-7** – Diane Pernet gagnrýnir fatahönnunarnema
**8** – Kynþokkafyllstu leikmenn Landsbankadeildarinnar
**10** – Brasilískur sirkus sem bragð er að
**12** – Kíkt í kistuna hjá Júlíönnu Láru
**14** – Dansflokkurinn dansar Dietrich á ný
**16-17** – Reykjavík er Belleville
**18** – Flugmenn rokka í hljómsveitinni Belju
**26-28** – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
**31** – Gillzenegger svarar spurningum aðdáenda













# Sumarið er salat

KFC Zinger salat



pipar / SÍA

KFC

Opið alla daga frá kl: 11.00 - 22.00

Reykjavík • Hafnarfirði • Selfossi
Kópavogi • Mosfellsbæ • Reykjanesbæ

SIF PÁLSDÓTTIR ER TEKIN Á TEPPIÐ



Sirkusmynd – GVA

# STRÁKAR ÞURFA AÐ VERA AÐEINS MASSAÐIR

**SIF PÁLSDÓTTIR ER BESTA FIMLEIKAKONA Á NORÐURLÖNDUNUM. ÞESSI 19 ÁRA SNÓT STUNDAR NÁMIÐ GRIMMT Í FJÖLBRAUTASKÓLANUM VIÐ ÁRMÚLA MEÐ FIMLEIKUNUM. SIRKUS RVK HRINGDI Í SIF SEM VAR AÐ LÆRA UNDIR ÍSLENSKUPRÓF OG YFIRHEYRÐI HANA HRESSILEGA.**

**HEFURÐU VERIÐ MEÐ KR-INGI?**
Nei, aldrei.



**HVORT MYNDIRÐU FREKAR VILJA VERA JENNIFER LOPEZ EÐA ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR?**
Jennifer Lopez, mér finnst hún miklu flottari.

**HEFURÐU PRÓFAÐ STERA?**
Nei.

**FINNST ÞÉR AÐ STELPUR EIGI AÐ FÁ AÐ TAKA ÞÁ Í HRINGJUNUM OG STRÁKAR Á JAFNVÆGISSLÁNNI?**
Nei, mér finnst það ekki. Stelpurnar eru ekki nógu sterkar í hringina og strákarnir myndu bara detta af slánni.

**LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?**
Frá Herði vini mínum sem spurði hvort ég ætlaði á lokaballið.

**HEFURÐU LAMIÐ STRÁK?**
Já, marga. Meðal annars Guðmund Kristjánsson vin minn.

**EF ÞÚ FENGIR AÐ VELJA EINA MANNESKJU Í MANNKYNSSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ, HVER YRÐI FYRIR VALINU?**
Gunnar á Hlíðarenda.

**HVAÐ Á AÐ KJÓSA Í VOR?**
Ég er ekki alveg viss, sko. En mér finnst líklegast að ég kjósi Sjálfstæðisflokkinn.



**EMIL Í KATTHOLTI EÐA LÍNA LANGSOKKUR?**
Lína Langsokkur. Hún gerði alltaf það sem hún vildi.

**HVER ER FRÆGASTI MAÐUR SEM HEFUR REYNT VIÐ ÞIG?**
Ég hef ekki hugmynd.

**HVER ER LEIÐINLEGASTA MANNESKJAN Í SÍMASKRÁNNI ÞINNI?**
Ég veit það ekki en ég þoli ekki að fá SMS frá Vodafone sem segir að inneignin sé að verða búin.



**FINNST ÞÉR KLÁMMYNDIR LEIÐINLEGAR?**
Ekki alveg við mitt hæfi.

**HVAÐ FINNST ÞÉR UM AUMA STRÁKA?**
Mér finnst það ekkert spes. Þeir þurfa að vera aðeins massaðir.

**ROBBIE WILLIAMS EÐA USHER?**
Usher. Ég hef aldrei fílað Robbie Williams. Finnst hann eiginlega frekar ömurlegur. Aldrei þolað hann eftir að hann kom hingað til lands.

**VAR ÞÉR STRÍTT SEM KRAKKA?**
Já. En það var aðallega öfund.

**FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR EF VINKONA ÞÍN Á SÆTARI KÆRASTA EN ÞÚ?**
Nei, ég samgleðst henni bara.

**BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA:**
Hvaða frídagur er bestur?

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með gömlum sjónvörpum. Ef þú átt smá pening farðu þá út í búð og keyptu þér LCD eða plasma, jafnvel þó að það sé kreppa og allt. En ef þú átt ekki neinn pening, hentu samt stóra ljóta sjónvarpinu og farðu til vinar þíns sem á flatskjá.



Sirkus mælir ekki með þvagi utan klósetts. Nú er kominn tími til að karlmenn hitti ofan í blessað klósettið. Það er óþolandi að vera í sífellu að þrífa upp eftir óhittna menn.



Sirkus Reykjavík mælir ekki með óþarfa broskörlum á MSN. Hvernig væri að hætta að senda broskall með öllu því sem á að vera fyndið? Hvernig væri bara að leyfa viðmælandanum að fatta grínið sjálfur? Svo ef maður er að skjóta létt á náungann þarf ekki að fylgja með blikk-kall, hann getur fattað það sjálfur.

PARTÍ Í GYLLTA KETTINUM

## TÆGERPRENT OG TÖFRANDI KISULÓRUR

„Við erum að halda partí af því við erum búnar að fá stærstu sendinguna sem við höfum fengið síðan við opnuðum," segir Ása Ottesen stílisti í Gyllta kettinum. „Við vildum halda upp á þetta með kúnnunum og að sjálfsögðu þarf að gera það með pompi og prakt. Við erum að fá alveg ofsalega mikið af sundbolum, bikiníum, sokkabuxum og leggings með flottu prenti. Strákarnir fá líka eitthvað fyrir sinn snúð því við erum að fá fullt af strákadóti. Það eru að koma strigaskór, leðurjakkar með stroffi sem mikið er verið að spyrja um og geggjuðum bolum og hettupeysum. Það verður að vera eitthvað „for the boys" en það er líka fullt af nýju fyrir stelpurnar eins og Wrangler-gallajakkar í litlum stærðum fyrir sumarið og ökklaskór og já, bara fullt af dóti," segir Ása sem er á fullu í undirbúningi. Það er bara um að gera að koma við, það verður að sjálfsögðu músík sem DJ Skelator sér um og svo má ekki gleyma léttum og bubblandi veitingum," segir Ása sem er spennt fyrir partíinu.

sigga@minnsirkus.is



Sirkusmynd – Hörður Sveinsson

ÁSA OTTESEN STÍLISTI, HAFDÍS ÞORLEIFSDÓTTIR EIGANDI GYLLTA KATTARINS OG JÓNA OTTESEN VERSLUNARSTJÓRI.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Nicotinell®
Gott bragð til að hætta að reykja!
Stökkt að utan
Mjúkt að innan
Nicotinell Mint NICOTIN. 4mg
MERE END 20 CIGARETTER DAGLIG
84 TYGGEGUMMI
SUKKERFRI
Nicotinell Fruit NICOTIN. 2mg
MINDRE END 20 CIGARETTER DAGLIG
SUKKERFRI
Nicotinell Lakrids NICOTIN. 4mg
MERE END 20 CIGARETTER DAGLIG
84 TYGGEGUMMI
SUKKERFRI
Nicotinell Classic NICOTIN. 2mg
MINDRE END 20 CIGARETTER DAGLIG
FÆRRI EN 20 SÍGARETTUR Á DAG
96 TYGGEGUMMI/LYFJATYGGIGÚMMÍ
SUKKERFRI SYKURLAUST
ANVENDES SOM HJÆLPEMIDDEL VED TOBAKSAFVÆNNING ELLER RYGEREDUKTION
NOTIÐ SEM HJÁLPARLYF ÞEGAR REYKINGUM ER HÆTT EÐA DREGIÐ ER ÚR REYKINGUM
Reyklaus
með Nicotinell
ARNARSON.TK · 1403
Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er
Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár.
hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni.

**ÞAÐ VAR KOMIÐ AÐ ÞVÍ AÐ NEMENDUR SÝNDU SINN ÁGÆTA ÞRIGGJA ÁRA NÁMSÁRANGUR. NEMENDUR Í FATAHÖNNUN Í LHÍ HÉLDU ÚTSKRIFTARSÝNINGU Í LISTASAFNINU/HAFNARHÚSINU Á FÖSTUDAGINN. AÐ SJÁLFSÖGÐU MÆTTUM VIÐ ELDHRESS Á STAÐINN TIL AÐ FYLGJAST MEÐ ÁRANGRINUM SEM VAR ÞÓ NOKKUÐ GÓÐUR.**



# PÅ RUNDTUR

„Það sem þessum krökkum dettur í hug," segir saumakonan sem er á fullu að leggja lokahönd á útskriftarverk eins nemandans. Það er allt á fullu baksviðs og það má finna að spennan er mikil. Vinir og vandamenn bíða sem og tískugúrú utan úr hinum stóra heimi. Það má sjá mörg þekkt andlit sem að sjálfsögðu skarta sínu fínasta pússi.



MARGT SMÁTT GERIR ...



LINDA AÐ LEGGJA LOKAHÖND Á „THE CATWALK"



EITT MÓDELIÐ TILBÚIÐ



ALDREI OF LANGT Í HLÁTURINN



EIN ÉG SIT OG SAUMA ...



ALLT VERÐUR AÐ VERA TIP TOP



ÞAÐ ÞARF AÐ HAFA HRAÐANN Á...



SKIPULAGT KAOS ...



sigga@minnsirkus.is



ÞÓREY HANNESDÓTTIR HÖNNUÐURINN SEM DIANE PERNET SAGÐI BERA AF. HÚN VAR SÉRSTAKLEGA HRIFIN AF EINUM AF HENNAR KJÓLUM (GRÁI KJÓLLINN HÆGRA MEGIN).



DIANE PERNET

# ÞÓREY HANNESDÓTTIR BAR AF

**ÞAÐ ER SÓL OG HITI OG ÞAÐ MÁ FINNA GRILLLYKTINA SVEIMA UM BORGINA. ÞAÐ ER MATARBOÐ Í FALLEGRI ÍBÚÐ Á MELUNUM ÞAR SEM MARGT ER UM MANNINN. ÞETTA ER FAGUR HÓPUR NÝÚTSKRIFAÐRA FATAHÖNNUÐA, TÍSKUGÚRÚ, KENNARAR OG AÐ SJÁLFSÖGÐU SVARTA EKKJAN DIANE PERNET. DIANE PERNET VEKUR ATHYGLI UM ALLAN HEIM OG ER MEÐ PUTTANN Á PÚLSINUM HÉR HEIMA SEM OG ANNARS STAÐAR.**



„Ég er enn að skrifa fyrir hin ýmsu tískublöð og svo er ég alltaf með vefinn minn Diane, A Shaded View on Fashion, dianepernet.typepad.com,“ segir Diane Pernet sem var boðið að koma að sjá útskriftarsýninguna hjá LHÍ. Diane Pernet kom hér síðast á Reykjavík Fashion Week og lét aðstandendur þeirrar tískusýningar heyra það. Af því tilefni langaði okkur að heyra aftur í henni og sjá hvað hún hefði að segja að þessu sinni.

### ÞÓREY HANNESDÓTTIR OG KJÓLLINN HENNAR

„Ég sérhæfi mig í ungum hönnuðum og af því tilefni var mér boðið á útskriftarsýninguna hjá LHÍ. Mér líkaði alveg ágætlega en sérstaklega einn kjóll sem hún gerði. Hún á bjarta framtíð fyrir sér í þessum bransa og það verður skemmtilegt að sjá hvað hún gerir. Það var uppáhaldsfatalínan mín en svo var línan með flannelinu og gallaefninu áhugaverð pæling og mér fannst Guðjón skemmtilegur. Ég elskaði skóna hjá honum og þetta bleika og fjólubláa var ágætt,“ segir Diane.

### HEILDARSVIPURINN EKKI NÓGU GÓÐUR

„Ef ég á að bera þetta saman við aðrar skólasýningar þá fannst mér skemmtilegt að hér voru nemendurnir að vinna með efnin hvað varðar „volume“ og fjölbreytnin var góð,“ segir Diane Pernet um efnisnotkun og annað. „Sumt var augljóslega ekki nógu gott en þetta er ennþá svo nýr skóli. Mér fannst sumir vera að ofgera hlutunum hvað varðar efni en eins og ég sagði er skólinn enn í þróun. Heildarsvipurinn á sýningunni var ekki nógu góður en ég skemmti mér ágætlega,“ segir Diane Pernet.

### FÍNT MIÐAÐ VIÐ AÐRAR SKÓLASÝNINGAR

„Miðað við margar aðrar skólasýningar sem ég hef farið á var þetta fínt en ef miðað er við Saint Martins eða slíka skóla þá er þetta ekki nógu gott,“ segir Diane Pernet um sýninguna. „En það er skóli sem er búinn að vera uppi í áraraðir og því er það ekki sambærilegt. En ef LHÍ vill vera mjög sterkur og góður skóli hvað varðar tísku og hönnun er þörf fyrir meiri og betri alþjóðleg áhrif. Það mun taka sinn tíma að byggja skólann upp.

### YOUNG FRÁ DEAD

„Hér heima líkar mér mjög vel við Young frá Dead-línunni, arabíska kúrekaskyrtan hans var snilldarhugmynd en svo líkar mér líka við Steinunni. Hún er svona ungur og djarfur hönnuður, hún er með eitthvað.“

### SVART LITRÍKASTI LITURINN Í LITRÓFINU

*En hvers vegna klæðist þú eins og þú klæðist?*

„Þetta er bara ég, þetta er minn stíll. Það er ekki nein heimspekileg hugmyndafræði bak við klæðnaðinn minn, það eru samt ýmsar kenningar á sveimi. Ein er sú að ástin í lífi mínu dó og það hefur að sjálfsögðu áhrif. Áður fyrr var ég oft í rosalega miklum litum en málið er að þegar ég var að hanna þá vildi ég aðgreina mig frá því sem ég var að gera. Ég vildi ekki keppa við það sem ég var að gera. Og ég valdi svart, aðrir hönnuðir velja hvítt. Svart fyrir mér er litríkasti liturinn í litrófinu, mjög andlegur litur og ég elska hann. Ég elska liti, íbúðin mín er mjög litrík en ég vil bara ekki klæðast litum,“ segir Diane Pernet sposk á svip.

### SJÓNVARPSÞÁTTUR OG HYÉRES

„Ég er einnig að vinna við sjónvarpsþátt en í augnablikinu er ég að vinna að undirbúningi fyrir festival sem heitir Hyéres 2006 og er haldið einu sinni á ári í Suður-Frakklandi. Það er búið að halda þessa hátíð í 21 ár og það má segja að þessi hátíð sé eins og Cannes fyrir kvikmyndaheiminn nema hún snýr að tísku,“ segir Diane Pernet aðspurð hvað hún sé að gera þessa dagana. Fyrir áhugasama má nefna að þeir sem hafa verið á þessari hátíð eru Victor & Rolf, Gaspard Yurkievich og Lutz en slóðin er http://www.villanoailles-hyeres.com/ og þar eru allar upplýsingar.

*sigga@minnsirkus.is*

Á hvað ert þú að hlusta?

# Ferð þú á Hróarskeldu?




Allir þeir sem taka áskrift
á Tónlist.is fyrir 1. júní geta unnið
ferð fyrir tvo á Hróaskeldu í sumar.

Kynntu þér málið á Tónlist.is



TONLIST.IS

# KYNÞOKKAFYLLSTA LIÐ LANDSBANKA-DEILDARINNAR

LANDSBANKADEILD KARLA Í FÓTBOLTA HEFST UM HELGINA. SIRKUS FÉKK FYRIRLIÐA Í LANDSBANKA-DEILD KVENNA TIL AÐ STILLA UPP LIÐI MEÐ KYN-ÞOKKAFYLLSTU LEIKMÖNNUM DEILDARINNAR. LEIKKERFIÐ ER 4-4-2 OG SVO ERU SJÖ VARAFOLAR TIL TAKS EF KALLIÐ KEMUR.

## ÞJÁLFARI



SIGURÐUR JÓNSSON
GRINDAVÍK

## VARAFOLAR



ARNI ÞÓRÐUR HALL-DÓRSSON FYLKI



GUÐMUNDUR METE
KEFLAVÍK



GRÉTAR HJARTARSON
KR



MAREL BALDVINSSON
BREIÐABLIKI



BJÖRGÓLFUR
TAKEFUSA KR



BJARNÓLFUR LÁRUS-SON KR



HÖRÐUR BJARNASON
VÍKINGI



GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON
VAL



CHRISTIAN CHRISTIANSEN
FYLKI



ÓLAFUR PÁLL SNORRASON
FH



PÁLMI RAFN PÁLMASON
VAL



ÁGÚST GYLFASON
KR



HAUKUR INGI GUÐNASON
FYLKI



RAGNAR SIGURÐSSON
FYLKI



BUDDY FARAH
KEFLAVÍK



STEINÞÓR GÍSLASON
VAL



RAY ANTHONY JÓNSSON
GRINDAVÍK



KJARTAN STURLUSON
VAL

**GRUPO CORPO, HINN ÞEKKTI BRASILÍSKI DANSHÓPUR SEM HEFUR SÝNT UM ALLAN HEIM, ER HINGAÐ KOMINN Í TILEFNI AF LISTAHÁTÍÐINNI 2006. ÞETTA ER LANGVINSÆLASTI DANSFLOKKUR SUÐUR-AMERÍKU Í DAG OG ERU DANSARARNIR ALLIR UNGT FÓLK FRÁ BRASILÍU. HÓPURINN MUN SÝNA DANSVERK NÚNA UM HELGINA Í BORGARLEIKHÚSINU, ÞETTA ÁSAMT ÝMSU ÖÐRU ER Á DAGSKRÁ LISTAHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK 2006.**



ÆÐISLEG UPPLIFUN

# BRASILÍSKUR UNDRASIRKUS

Grupo Corpo er 30 ára og það eru enn einhverjir eftir af stofnendunum en dansararnir eru ekki þeir sömu," segir Cládia Ribeiro umsjónarmaður dansflokksins. Þetta er sami kjarninn og hugsunin. Um 1980 var farið að vinna með tónlistina í verkunum og þá oftast með brasilískum tónskáldum. Grupo Corpo var stofnaður af sex bræðrum í Brasilíu, þetta er brasilískur flokkur nema núna er smá undantekning þar sem tónlistin er kúbversk. „Lecuona" er eitt af tveimur verkunum sem við munum sýna á Listahátíðinni og er verkið byggt á angurværri tónlist kúbanska tónskáldsins Ernesto Lecuona eða Gershwin eins og flestir þekkja hann. „Hann var rosalegur; samdi um 170 píanóverk, 400 sönglög og fleira," Cládia Ribeiro stolt af kauða.



FLOTT SVEIFLA

**ÞAÐ KOM EKKERT ANNAÐ TIL GREINA**

„Þegar danshöfundurinn heyrði verkin hans varð hann að gera verk við tónlistina hans," segir Cládia. „Það kom ekkert annað til greina." Hitt dansverkið byggir aftur á móti á nýsömdu tónverki hins þekkta brasilíska tónlistarmannsins Gaetano Veloso fyrir flokkinn. Veloso hefur verið nefndur hinn brasilíski Bob Dylan. Tónlistin var samin sérstaklega fyrir danshópinn eins og vanalega er farið að og því má segja að þetta sé frekar sérstök blanda sem við erum spenntar að sýna.

**MAÐUR ER FREKAR BERSKJALDAÐUR**

Hvernig er að dansa við verkin?

„Dönsurunum finnst mjög mikill heiður að dansa við fyrsta verkið þar sem dansað er undir angurværri tónlist Gershwins. Það er einhver kraftur og sérstök aðferð sem okkur dönsurunum líkar mjög vel við. Það má segja að þetta sé mjög persónulegt verk þar sem maður einhvern veginn er frekar berskjaldaður ef svo má að orði komast," segir Juliana dansari kampakát með að vera komin. „Bæði verkin eru sérstök og einstök á sinn hátt en „Lecuona" hefur sérstök áhrif á mig," segir Juliana um verkin.

**FERÐALAG ALLAN ÁRSINS HRING**

„Við erum á ferð allan ársins hring en þetta er rosalegt ár hjá okkur. Við erum að koma frá Bandaríkjunum, Þýskalandi og Lúxemburg en svo er ferðin tekin á Asíu, aftur Þýskaland og um Brasilíu. Við erum mjög spennt að sýna hér og sjá hvernig viðbrögð við munum fá," segir Cládia spennt að sjá hvernig fer. „Það er mikill heiður að vera í Grupo Corpo og eftirsótt af dönsurum en ég elska að dansa með flokknum," segir Juliana Meziat einn af tuttugu dönsurunum.



NÝSTIGIN ÚR VÉLINNI

sigga@minnsirkus.is

## Arthúr

**HÖSSLER**




fjandinn.com/Arthur



HEIMURINN Á
HÚSAVÍKUR
Jógúrt
MARGT ÓLÆRT
GEIMSTOFAN // DAGSLJÓS

# SAUMAÐI LEÐURJAKKA ÚR SÓFASETTINU



**„JÁ, ÉG VALDI FLÍKUR MEÐ SKEMMTILEGA SÖGU OG ÞÆR SEM MÉR ÞYKIR VERULEGA VÆNT UM EN AÐ SJÁLFSÖGÐU HEFÐI ÉG GETAÐ HAFT EITTHVAÐ ANNAÐ EN BARA FÖT," SEGIR JÚLÍANNA LÁRA STEINGRÍMSDÓTTIR HRESS Í BRAGÐI. HÚN LEYFÐI OKKUR AÐ SJÁ SÍNAR UPPÁHALDSFLÍKUR. JÚLÍANNA ER VERSLUNARSTJÓRI Í WHISTLES Í KRINGLUNNI OG ER BÚIN AÐ VERA ÞAR Í EINHVERN TÍMA. „MÉR LÍKAR ÞETTA OFSALEGA VEL OG ER ÁNÆGÐ MEÐ VINNUFÉLAGA OG STARFSANDANN EN ANNARS ER ÞETTA MITT FYRSTA OG SÍÐASTA SUMAR HÉR Í KRINGLUNNI ÞAR SEM ÉG ER AÐ STEFNA Á FREKARA NÁM Í HAUST," SEGIR JÚLÍANNA SPENNT. STEFNAN ER TEKIN Á BERLÍN UM LEIÐ OG HAUSTA TEKUR.**

„Ég valdi þennan kjól af því ég saumaði hann alveg sjálf og er ekkert smá ánægð með hann. Þetta var verkefni fyrir skólann og ég fékk 10 fyrir hann og er að sjálfsögðu rosalega stolt," segir Júlíanna Lára, að vonum ánægð með kjólinn.



„Þessa flík valdi ég vegna þess að hún á sér svo mikla snilldar sögu. Málið er að mamma mín saumaði þennan jakka úr sófasetti ömmu og afa. Ég meina, það átti að henda sófasettinu og mamma hugsaði með sér, þvílík synd. Það á að nýta leðrið," segir Júlíanna stolt af framkvæmdagleði móður sinnar.





„Þetta er kjóll sem mér þykir skringilega vænt um, ég keypti hann á kílómarkaðnum hjá Spúútnik. Nema ég breytti honum aðeins að mínu skapi og þetta er eina bleika flíkin mín. Ég hef alltaf verið og er mjög hrædd við bleikt en þessi slapp, þó að ég gangi ekki í honum í dag," segir Júlíanna sem þykir vænt um bleika kjólinn.

Júlíanna Lára Steingrímsdóttir verslunarstjóri Whistles í Kringlunni.

„Ég ákvað að hafa þessa flík með af því þetta er fyrsta flíkin sem ég keypti í Whistles, búðinni minni. Þetta var svona það fyrsta sem hreif mig en þetta er eftir hönnuð sem er að vinna hjá Roberto Cavalli. En þessi hönnuður gerði eina línu fyrir okkur og þetta er eitt úr því kolleksjóni," segir Júlíanna sem er ánægð með fyrstu kaupin.



„Þetta er jakki úr búðinni minni, þetta er svona smóking-fílingur og mér þykir voðalega vænt um hann. Kannski líka af því þetta er nýjasta flíkin mín," segir Júlíanna ánægð með jakkann.



„Þetta eru ekta Chanel-skór sem ég fann í Kolaportinu fyrir mörgum árum og keypti á 1.000 krónur. Örugglega bestu kaup sem ég hef gert lengi því ég er búin að nota þá endalaust, þetta eru uppáhaldsskórnir mínir. Þeir sanna enn og aftur að Kolaportið stendur fyrir sínu," segir Júlíanna og skellir upp úr.

sigga@minnsirkus.is

# SKEITARASTEMNING

## Á LAUGARDAGINN HÉLT SMASH Í KRINGLUNNI HJÓLABRETTAMÓT Í SAMSTARFI VIÐ CARHARTT









ER SIGURINN VÍS? FLOTT STÖKK.



SIGURÐUR ÁRNI VERSLUNARSTJÓRI Í SMASH Í KRINGLUNNI FLOTTUR Á ÞVÍ.

„Þessi keppni var haldin síðasta laugardag og það var troðfullt út úr dyrum," segir Sigurður Árni skipuleggjandi Skatepark-móts sem haldið var í Héðinshúsinu síðasta laugardag. „Það komu sex erlendir gaurar frá Carhartt til að dæma. Þetta voru meðal annars Thomas Kring, Henrik Andersen og Jess Andersen frá Carhartt í Danmörku. Það voru 20 keppendur en aðeins einn sigurvegari, en allir sýndu þeir snilldar tilþrif," segir Sigurður Árni ánægður með viðtökurnar. „Ómar Svan, 16 ára Akureyringur, stóð uppi sem sigurvegari mótsins en í öðru og þriðja sæti voru þeir Elmar Ingi og Sigurður Bjarnason. Þetta var bara svona beisikskeit-keppni, það eru fjórir inn á og eru í átta mínútur að gera öll þessi trikk og gera allt sem skeitparkið hefur upp á að bjóða. Svo kemst alltaf einn úr hverjum riðli áfram, þar til það eru bara fjórir bestu eftir og þá keppa þeir sín á milli. Þetta er ekki enn fastur liður en fyrir tveimur árum var síðasta keppni og þá komu nokkrir af bestu skeiturum í heimi og það var frábært. En við reynum að gera þetta eins oft og við getum," segir Sigurður Árni sem segir ekki svo langt í næstu keppni.

sigga@minnsirkus


HVAR ER ÞITT EGO?
BENSÍN DÍSEL
KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGUR!
eGO
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!
www.ego.is

**VERKIÐ VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR VERÐUR SÝNT ÞRISVAR SINNUM Í NÆSTU VIKU. VERKIÐ HEFUR FARIÐ VÍÐA UM HEIM OG HLOTIÐ EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA.**

# MARLENE DIETRICH AFTUR Á STÓRA SVIÐIÐ


Sirkusmynd – E. Ól.

KATRÍN INGVADÓTTIR DANSAR Í SÝNINGUNNI VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR.

„Við höfum verið að sýna þetta út um allan heim," segir dansarinn Katrín Ingvadóttir um verkið Við erum öll Marlene Dietrich FOR sem verður sýnt á ný hér á landi á mánudaginn í næstu viku. Þrjár sýningar verða á verkinu, auk mánudagssýningarinnar verður sýning á þriðjudagskvöld og miðvikudagskvöld.

**FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR ERLENDIS**

„Við frumsýndum þetta fyrir rúmu ári og erum síðan búin að fara með þetta út um allt," segir Katrín en verkið hefur verið sýnt meðal annars í Danmörku, Finnlandi, Belgíu, Hollandi, Póllandi og á Ítalíu. „Viðtökurnar hafa verið ótrúlega góðar – en misgóðar," segir Katrín. „Við höfum fengið rosalega góða dóma. Útlendingar virðast líka vera meira tilbúnir til þess að koma að sjá okkur en Íslendingar," segir Katrín og hlær. „Maður þarf fyrst að meika það úti til þess að einhver mæti hér heima."

*Eruð þið að vinna í því núna?*

„Það mætti eiginlega segja það," segir hún og hlær.

**STYTTIST Í SUMARFRÍ**

Verkið, sem er eftir Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin, var síðast sýnt erlendis í mars og þá í Frakklandi. Daginn eftir síðustu sýningu hér heima í næstu viku heldur hópurinn til Skotlands þar sem verkið verður sýnt. Nú standa yfir æfingar þar sem hópurinn rifjar upp sporin og segir Katrín það ganga vel. Svo fer að styttast í sumarfrí. „Það verður frábært að komast í frí. Maður er orðinn þreyttur eftir þessa löngu törn," segir Katrín að lokum.

*soli@minnsirkus.is*


HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR LEIKKONA

**TALHÓLF FRÆGA ÓLKSINS...**

## SÆMILEGT TALHÓLF HÖLLU

Halla Vilhjálmsdóttir leikkona er með stutt og frekar dapurt talhólf. Það er svohljóðandi:

*„Hæ þetta er Halla, lestu inn skilaboð og ég hef samband, takk."*

Það fyrsta sem hægt er að setja út á talhólfskveðjuna er hversu stutt hún er. Í öðru lagi mætti Halla segja fullt nafn og þá mætti leikkonan reyna að vera smá fyndin.
Kostir talhólfsins eru þeir að Halla er kurteis og þakkar fyrir sig að lokum. Þá er rödd Höllu sexí, svona skemmtilega nývöknuð eitthvað.

★★☆☆☆




## ALLIR AÐ FÁ SÉR ICE-NÚMER

Ef þú lendir í slysi og það þarf að ná í þína nánustu til þess að hægt sé að bjarga lífi þínu, hvernig ætlarðu að vera viss um að það sé hægt? Ef þú ert með gemsann þinn á þér þýðir það ekki að það sé hægt að fara í símaskrána þína og finna þar þína nánustu. Ef mamma þín heitir til dæmis: Mússulínumammsa, er erfitt fyrir sjúkraflutningamenn að finna það. Ef þú setur hins vegar ICE (In case of emergency) fyrir framan númerið getur það bjargað lífi þínu. Nú á nafnið að vera ICE – Mússulínumammsa og þú lifir.

## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

### ÞÝSKIR OFURFRÉTTAMENN

Langbesta götublaðið á netinu er þýska blaðið BILD. Heimasíða blaðsins, bild.de er ótrúlega öflug. Engin síða er jafn fljót að dæla inn hágæða slúðri eins og Þjóðverjarnir vinnusömu. Þá er myndasafn þeirra með ólíkindum, það liggur við að þeir eigi myndir af öllum við öll tækifæri.
Ef þú vilt vita allt um Oliver Kahn, Franz Beckenbauer, Boris Becker, Heidi Klum, Claudio Schiffer og allar helstu stórstjörnur Þýskalands, þá er www.bild.de málið.




SÍÐAN! BILD.DE ER HÁGÆÐA SLÚÐURSÍÐA SEM ER SNEISAFULL AF MYNDUM OG EÐAL SLÚÐRI.

## SIRKUSTVÍFARAR


BALDUR SIGURÐSSON, KEFLAVÍK


JOHN ARNE RIISE, LIVERPOOL

Tvífararnir að þessu sinni eru þeir Baldur Sigurðsson Keflvíkingur og Norðmaðurinn John Arne Riise. Ekki nóg með að þeir félagar séu nauðalík og leiki fótbolta heldur geta þeir líka báðir spilað í vörn og á miðju. Eða bara eins og Púllararnir segja: John Arne Riise Uhhh Ahhhh I wanna knooooow...

AMERICAN STYLE

# Þín er þörf í miðborg Reykjavíkur!

American Style er rótgróið fyrirtæki sem er að opna sinn fimmta veitingastað í Tryggvagötu 26. Hjá fyrirtækinu starfar líflegur hópur fólks á öllum aldri og starfsaldur er með því hæsta sem þekkist í greininni.

## VAKTSTJÓRI Á GRILL

### Verksvið
- Yfirmaður á grilli
- Gæðaeftirlit
- Þrif / Frágangur
- Þjálfun á nýju starfsfólki

### Hæfniskröfur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og dugnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Geta unnið vel undir álagi
- Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg

*Unnið er 4 virka daga og aðra hverja helgi í vaktavinnu, samtals um 200 tímar. Starfið er krefjandi. Miðað er við að umsækjendur séu 22 ára og eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.*

## AÐSTOÐAR REKSTRARSTJÓRI

### Verksvið
- Yfirmaður veitingastaðarins um kvöld og helgar (til 24:00)
- Uppgjör / Talningar
- Þrif / Frágangur

### Hæfniskröfur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni og dugnaður
- Geta unnið vel undir álagi
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

*Unnið er 2-3 kvöld í viku og aðra hverja helgi. Miðað er við að umsækjendur séu 30 ára og eldri. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.*

## STARFSFÓLK Í SAL OG Á GRILL

### Verksvið
- Störf í afgreiðslu
- Störf í eldhúsi
- Þrif / Frágangur

### Hæfniskröfur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og dugnaður
- Góð ástundun
- Geta unnið vel undir álagi
- Þjónustulipurð

*Í fullu starfi er unnið 4 virka daga og aðra hverja helgi í vaktavinnu.*

*Í hlutastarfi er unnið á kvöldin og um helgar skv. samkomulagi. Miðað er við að umsækjendur séu 18 ára og eldri.*

- Umsóknareyðublöð á öllum American Style stöðum og www.americanstyle.is
- Upplýsingar veittar á skrifstofu í síma 568 - 6836

ITEM / 00235

Sjáumst!




# BELLEVILLE ER Á ÍSLANDI, BELLEVILLE ER REYKJAVÍK

## ÍSLENSKT VERSLUNARLÍF ER JAFN FRJÓTT OG MANNLÍFIÐ Í REYKJAVÍK ÞESSA DAGANA. ÞAÐ ER ALLT Í BLÚSSANDI KEYRSLU HVAÐ VARÐAR HÖNNUN, LISTIR OG LÍFSGLEÐI Í 101. Á DÖGUNUM VAR OPNUÐ NÝ BÚÐ Í GAMLA KRONKRON-HÚSNÆÐINU OG BER HÚN NAFNIÐ BELLEVILLE EFTIR HVERFI Í PARÍS. ANNA CLAUSEN OG BJARNI EINARSSON ERU FORSPRAKKAR BELLEVILLE.



„Við ákváðum að opna búð vegna þess að okkur fannst það alveg tilvalið," segir Bjarni Einarsson annar eigandi BELLEVILLE, sem var opnuð nýlega á Laugavegi 55. Okkur langaði að forvitnast um hvernig BELLEVILLE væri frábrugðin öðrum búðum, hvaða hönnuði þau byðu upp á og hvað væri að frétta.

### BRANSINN OG ÁHUGAVERT FÓLK

*Hvers vegna ákváðuð þið að opna búð?*

**Anna Clausen:** „Við ákváðum að opna búð vegna þess að tískuheimurinn er allur að verða mun umfangsmeiri. Ég vinn við tískubransann og Bjarni er kvikmyndagerðarmaður sem og ljósmyndari. Bjarni er einnig mikill skeitari og þess vegna má segja að BELLEVILLE sé ákveðin blanda af „high fashion" og „street fashion", það er að segja

**„PATRICK ER GÓÐUR VINUR OKKAR OG TÓK VEL Í AÐ GERA EITTHVAÐ SÉRSTAKT FYRIR BELLEVILLE."**

flottir hönnuðir í fatabransanum, leikfangabransanum sem og brettaheiminum. Við erum með flott hjólabretti frá merkinu Krooked frá San Francisco sem er hannað af Mark Gonzales. Mark Gonzales er vel þekktur snillingur hjá flestum skeiturum sem og öðrum sem eru vel að sér í þessum heimi."

**Bjarni Einars:** „Á þessum grundvelli hittir maður fullt af áhugaverðu fólki."

### ÞETTA ER MJÖG PERSÓNULEGT

*Hvers vegna svona búð?*

**Bjarni:** „Svona búð, eins og við höfum opnað hér, er mjög persónuleg og allt sem við höfum uppá að bjóða er eitthvað sem tengist okkur persónulega á einn eða annan hátt, eitthvað sem við erum þátttakendur að eða einfaldlega heilluð af. Til dæmis erum við með hönnun frá sænska hönnuðinum Patrik Söderstam af því að við erum heilluð af honum og dáumst að pælingunum í verkum hans."

### HANN ER AÐ BRJÓTA REGLURNAR

*Hvað er merkilegt við Patrik Söderstam?*

**Anna:** „Hann er áhugaverður á margan hátt. Okkur líkar vel við hugmyndafræðina hans. Hann er að brjóta reglurnar í sambandi við hvað telst tíska og hvað ekki. Hann veltir fyrir sér hvaðan tískan kemur og frá hverjum hún kemur. Hann veltir fyrir sér mörkunum á milli lág- og hámenningar."

**Bjarni:** „Patrik kynnir nýja hluti í tískuheiminum og var hann til dæmis valinn af TopShop til að sýna „menswear" á kventískuvikunni í London í fyrra. TopShop lagði mikið í sýninguna til að kynna unga hönnuði og hann vakti athygli. Patrik er sjálfstæður hönnuður og það sem hann sýndi á sýningunni var ekki til sölu og hefur ekki farið í framleiðslu. Hann er einnig góður vinur okkar og tók vel í að gera eitthvað sérstakt fyrir BELLEVILLE. Þess vegna er nýjasta lína Patriks Söderstams eingöngu fáanleg í BELLEVILLE Reykjavik."







### TÖKUM ÞÁTT Í HRINGIÐU TÍSKUHEIMSINS

*Hvað fleira er á boðstólum í BELLEVILLE Reykjavik?*

**Anna:** „Við erum með hönnun eftir Bernhard Willhelm í fyrsta skipti á Íslandi, einnig Yuko Yositake frá London, bretti eftir Mark Gonzales frá San Francisco og Medicomleikföng frá Tókýó. Þetta er svona það sem við erum með í bili en eins og sjá má erum við með hönnun frá ýmsum stöðum."

**Bjarni:** „BELLEVILLE er íslensk búð sem tekur þátt í hringiðu þessarar menningar, það er að segja tískunnar. Það sem er í gangi fyrir utan landsteinana verður sýnilegt í BELLEVILLE og það sama má segja um hluti sem eru í gangi í Reykjavík."

### BELLEVILLE ER ÁKVEÐIÐ VERKEFNI

*Af hverju þetta teymi?*

**Anna:** „Við erum par og svo höfum við verið að vinna mjög mikið saman."

**Bjarni:** „Við vinnum mjög vel saman, til dæmis er Anna stílisti og ég tek ljósmyndirnar. Við höfum unnið mörg verkefni saman og BELLEVILLE er ákveðið verkefni."

**„VIÐ HÖFUM UNNIÐ MÖRG VERKEFNI SAMAN OG BELLEVILLE ER ÁKVEÐIÐ VERKEFNI."**

### EKKERT JAFNAST Á VIÐ 101 Á GÓÐU SUMARKVÖLDI

*Hvað býr bak við nafnið?*

**Bjarni:** „Anna kom með nafnið og það þýðir fallegt hverfi eða bær á frönsku."

**Anna:** „Belleville er elsta hverfið í París og er ofsalega fallegt."

**Bjarni:** „Ég hef verið þar og mér fannst margt sem við höfum í Reykjavík vanta þar, til dæmis hafið, Esjuna, fjöllin og 101 á góðu sumarkvöldi. Belleville er á Íslandi, Bellevile er Reykjavík."

*sigga@minnsirkus.is*



**Myndir:** Valli & Heiða. **Texti:** Sigríður Ella Jónsdóttir.

**HLJÓMSVEITIN BELJA SAMANSTENDUR AF FIMM VÖSKUM FLUGMÖNNUM. MILLI ÞESS SEM ÞEIR TALA MÓNÓTÓNÍSKT TIL FARÞEGA SINNA TELJA ÞEIR Í OG BÚA TIL HÁVAÐA.**

# ROKKAÐIR FLUGMENN

„Ég held að það sé óvenju mikið af söngfólki í þessari stétt,“ segir flugmaðurinn Þórir Kristinsson – bassaleikari hljómsveitarinnar Belju. Hljómsveitin Belja er hvað merkilegust fyrir þær sakir að allir meðlimir hennar eru flugmenn hjá Icelandair.

**ROKKARINN NIÐURBÆLDUR**

„Menn byrja náttúrulega í tónlist þegar þeir eru ungir. Svo tekur eitthvað annað við. Svo er þetta draumur ungra manna að vera flugmenn og þá ýta þeir öðru til hliðar. Svo bara eldast menn og gleyma því að rækta það sem er innra með þeim. Það er ekki hollt,“ segir Þórir sem hefur verið að hlúa að sinni andlegu líðan með því að rokka almennilega ásamt félögunum. Fyrsta giggið hjá drengjunum var í kringum áramót í starfsmannapartíi. „Við tókum sénsinn og spiluðum í kringum áramót. Þetta var rosa gaman. Við vissum ekkert hvernig yfirmenn okkar myndu taka þessu en við fengum bara faðmlög. Það blundar í öllum eðlið að vilja lifa og leika sér,“ segir Þórir. „Við bara spilum rokk and ról og hækkum í botn og erum með læti í leðri.“

**„ÞEIR SEM ERU ELDRI OG REYNDARI SEGJA AÐ ÞEIR SEM HAFI TÓNEYRA SÉU GÓÐIR FLUGMENN. ÉG ER ALVEG VISS UM AÐ ÞAÐ ER RÉTT.“**

**GÓÐUR FLUGMAÐUR – GOTT TÓNEYRA**

Tónlistin er rík í flugstéttinni. Í dag er starfræktur kór sem heitir Flugfreyjukórinn og er hann undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar.

*Er mikill hljómgrunnur fyrir rokkinu innan stéttarinnar?*

„Við erum bara að búa hann til,“ segir Þórir. Hann segir að það komi sér ekki á óvart hve mikið af tónlistarfólki sé í stéttinni. „Það er kannski ekkert skrítið vegna þess að flug er ekki bara hrá tæknileg þekking. Heldur þarftu líka að hafa tilfinningu fyrir flugi. Að útskrifast úr flugskóla með 10 í öllu bóklegu er ekkert endilega nóg. Þeir sem eru eldri og reyndari segja að þeir sem hafi tóneyra séu góðir flugmenn. Ég er alveg viss um að það er rétt.“

**FLUGSTJÓRINN FÆR KVENHYLLINA**

Sem fyrr segir eru allir meðlimir sveitarinnar flugmenn og flugstjórar hjá Icelandair. „Í stjórnklefa Flugleiða eru alltaf tveir flugmenn – flugstjóri og aðstoðarflugmaður,“ segir Þórir en svipað fyrirkomulag mun vera upp á teningnum í hljómsveitinni. „Allir hljóðfæraleikarar eru aðstoðarflugmenn og söngvarinn er flugstjóri. Hann gefur skipanirnar og fær alla kvenhyllina,“ segir hann og hlær.

**VAKTAPLAN MEÐ HLIÐSJÓN AF ROKKINU**

Strákarnir í hljómsveitinni Belju hafa verið að „glamra frumsamið“ en aldrei spilað það opinberlega. „Það er aðeins of pönkað. Við höfum verið að spila Pearl Jam, Red Hot Chili Peppers og annað í þessum geira.“

*Höfðuð þið einhvern tíma til að æfa?*

„Já, fyrirtækið hefur stutt við bakið á okkur með því að láta okkur alltaf vera að fljúga á svipuðum tímum. Þá er mun auðveldara að smala saman á æfingu,“ segir Þórir. Fyrirmynd strákanna er að sögn Þóris Bruce Dickinson, söngvari Iron Maiden. Hann er flugmaður hjá Iceland Express en hann er með umboðsmann sem sér um að raða niður tónleikadagskránni í samræmi við flugáætlun söngvarans. Þessa dagana æfa drengirnir fyrir flugpartí í Ásbyrgi þar sem þeir munu stíga á stokk. „Við ætlum að valda heyrnarskemmdum þar,“ segir Þórir kampakátur að lokum.

soli@minnsirkus.is



**BJÖRN ÓTTARR, HEIMIR HELGASON, ÞÓRIR KRISTINSSON, ÓMAR GUÐNASON OG ATLI THORODDSEN SKIPA ROKKHLJÓMSVEITINA BELJU.**

Sirkusmynd – Hörður Sveinsson.

# BRENNSLA HÚMORSLAUSA MANNSINS

**Prumpulagið – Dr. Gunni**
Húmorslausi maðurinn dáist að Doktornum fyrir að hafa getað samið svo skemmtilegt lag um eins hvimleiðan sið.





**Tóti tölvukall – Laddi/Eiríkur Fjalar**
Þegar húmorslausi maðurinn breytir röddinni og hermir eftir Eiríki Fjalari þagna lömbin fyrst.

**1, 2 Selfoss – Love Guru**
Húmorslausi maðurinn hefur elskað Love Guru frá fyrstu stundu.





**Sjúddirarí rei – Gylfi Ægisson**
Fyrirsjánleg tvíræðni á upp á pallborðið hjá húmorslausa manninum.

**Frystikistulagið – Greifarnir**
Húmorslausi maðurinn veltist um af hlátri yfir ósvífni Greifanna.





**Vinur Hafnarfjarðar – Dolli og Doddi**
Axlaböndin og kúluhatturinn flokkast sem alger klassík hjá húmorslausa manninum.

**Yfir til þín – Spaugstofan**
Smellur úr eftirlætissjónvarpsþætti húmorslausa mannsins.





**Úlpan mín – Tvíhöfði**
Húmorslausi maðurinn hefur eyðilagt þennan brandara sem eitt sinn var góður.

**Í góðu skapi – Sniglabandið**
Húmorslausi maðurinn horfir á vídjó Sniglabandsins til að koma sér í almennilegt stuð fyrir kvöldið.



# PITT OG JOLIE AFTUR SPÆLA SAMAN



**FÆREYSKA FRÉTTIN**

**TEY GERA NÓGV HJÁLPARARBEIÐI FYRI BØRN Í AFRIKA.**

Pitt og Angelina Jolie skulu kanska spæla enn ein film saman. Tey bæði eru sera væl dámd millum fólk, tí at tey, umframt at vera góðir sjónleikarar, gera nógv hjálpararbeiði fyri børn í Afrika. Angelina, sum er uppá vegin við barninum hjá Brad, hevur ættleit tvey børn úr Afrika. Væl dámda parið hevði høvuðsleiklutirnar í filminum Mr. & Mrs. Smith, og tað var við stórari succés. Nú er talan um, at tey bæði skulu verða við í Oceans 13. Brad Pitt spældi við í Oceans 11 og 12 saman við eitt nú George Clooney, Matt Damon og Julia Roberts, og nú vilja filmsframleiðarnir gjarna hava Angelinu Jolie afturat tí stjørnufylta leikaralistanum.

**PITT OG ANGELINA JOLIE SKULU KANSKA SPÆLA ENN EIN FILM SAMAN.**



1



**TRICKOVIE ZORICA**
**Draumabíllinn?** Ferrari.
**Kynþokkafyllstur á klakanum?** Ég veit það ekki.
**Besti staður í heimi?** Spánn.

2



**BIRGITTA INGA BIRGISDÓTTIR**
**Af hverju Pravda?** Bara gamni.
**Ef þú fengir að velja þér eina stjörnu til að gera kynlífsmyndband með, hver yrði fyrir valinu?** Matthew McConaughey.
**Uppáhaldsdrykkur á djamminu?** Sex on the beach.

## VELDU ÞÍNA PRINSESSU

- ✔ SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDAPRINSESSU
- ✔ ÞÚ SENDIR SMS-IÐ JA „NR“ Á SÍMANÚMERIÐ 1900
- ✔ EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA STELPU NR. 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS-SKEYTIÐ JA 2
- ✔ MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF ICE Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA
- ✔ 99 KR. SMS-IÐ

3



**MARÍA RÓS ÓMARSDÓTTIR**
**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari eða útliti stráka?** Tek strax eftir öllu. Þoli ekki „wanna be“-gæja.
**Mest sexí í heiminum (utan kærasta)?** Colin Farell.
**Besta djammið í heiminum?** Í Danmörku! Köben er málið.

4



**ELÍSABET H.**
**Flottasti líkamshlutinn á karlmönnum?** Rassinn.
**Af hverju Pravda?** Bara gaman að dansa þar.
**Ef þú fengir að velja þér eina stjörnu til að gera kynlífsmyndband með, hver yrði fyrir valinu?** Jared Leto.

# PRAVDAPRINSESSAN

PRAVDA, Í SAMSTARFI VIÐ SÓLBAÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF, STENDUR FYRIR KEPPNINNI PRAVDAPRINSESSAN 2006. HALDNAR VERÐA ÁTTA UNDANKEPPNIR, EIN Í HVERJU BLAÐI, OG ER ÞESSI NÚMER ÞRJÚ. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER SÍÐAN Í LOKAKEPPNI ÞAR SEM FERÐ FYRIR TVO TIL EVRÓPU Í BOÐI ICELAND EXPRESS ER Í AÐALVERÐLAUN.

STELPURNAR Í KEPPNINNI ERU VALDAR Á LAUGARDAGSKVÖLDUM Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. FJÓRAR ERU MYNDAÐAR Á HVERJU KVÖLDI OG ÞÆR KEPPA SÍÐAN Í NÆSTA TÖLUBLAÐI SIRKUSS. SÚ SEM FER ÁFRAM Í HVERT SKIPTI FÆR AÐ LAUNUM FIMM TÍMA LJÓSAKORT HJÁ SÓLBAÐSSTOFUNNI SMART AUK 10 ÞÚSUND KRÓNA INNEIGNAR Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. KJÓSTU ÞÍNA UPPÁHALDSSTÚLKU.



**SIGRÚN BIRNA VANN**
Í síðustu keppni var það Sigrún Birna Blomsterberg sem sigraði og fær hún að launum fimm tíma ljósakort frá sólbaðsstofunni Smart auk 10 þúsund króna inneignar á skemmtistaðnum Pravda.

Myndver.is
PRAVDA CLUB / BAR
smart sólbaðstofa

AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ Í LIÐ MEÐ OKKUR RIFKA COSMETICS TIL AÐ FÁ SMÁ INNSÝN INN Í ÞAÐ HVAÐ ER VINSÆLAST HJÁ ÞEIM Í SUMAR. HVAÐA LITI ER RIFKA COSMETICS AÐ NOTA Í SUMAR OG HVAÐA TIPS BJÓÐA ÞAU LESENDUM OKKAR UPP Á?



Sirkusmyndir- Stefán

HÉR ER MÓDELIÐ MEÐ FREKAR LÉTTA FÖRÐUN.

# LJÓSIR OG MILDIR TÓNAR VINSÆLIR




AUGABRÚNALITUR MEÐ GREIÐU; MJÖG GOTT AÐ NOTA Á SUMRIN ÞEGAR AUGABRÚNIRNAR ERU FLJÓTAR AÐ LÝSAST.



EINS OG SJÁ MÁ ER VEL FARIÐ AÐ SKYGGINGU OG ÖÐRU.

„Við notuðum sumarlitina sem við erum með," segir Embla Sigurgeirsdóttir förðunarfræðingur. Þessir litir eru oft notaðir fyrir brúðkaupsfarðanir en eru einnig vinsælir á sumrin. Það er aðallega til þess að vera sem náttúrulegastur en ekki einhver meikdolla. Við notuðum einn mjög sniðugan hyljara, svona til að fínpússa, en aðalmálið með þennan hyljara er að það þarf ekki að meika yfir eins og þarf vanalega. Þessi er þrískiptur og því er hægt að malla litinn soldið eftir sínum smekk, það er ljós litur aðeins dekkri og svo einn dökkur. Þetta gerir hyljarann svo góðan í skyggingar eða línu," segir Embla sem segir að náttúruleg förðun sé svona það vinsælasta með hækkandi sólu og björtum sumarkvöldum. „Þetta eru mildir og ljósir tónar, en svo fer tónavalið líka alltaf eftir því hvern er verið að mála. Hvernig er hörundsliturinn, hárlitur og augnalitur, þetta spilar allt saman. Í sumar er að koma soldið sterkt inn hjá okkur þessir bleiku og ferskjulitir en allt í daufari kantinum, eins og ég sagði áðan," segir Embla förðunarfræðingur hjá Rifka Cosmetics. Sigga@minnsirkus.is



ÞRÍSKIPTUR HYLJARI SETTUR Á MEÐ PENSLI EFTIR FARÐANUM EÐA EINN OG SÉR. BLANDA GULA LITNUM VIÐ EF ÞAÐ ERU MJÖG DÖKK SVÆÐI.



FÖRÐUNARFRÆÐINGUR ER AÐ LEGGJA LOKAHÖND Á FÖRÐUNINA.




TÚPUGLOSS; GOTT AÐ NOTA Í SÓL, GEFUR GÓÐAN RAKA OG MÝKIR.



# SIRKUS ÓSKAR SÉR...



**2 Á 200 KR Í TIGER Í SMÁRANUM.**
Skemmtilegir seglar sem koma öllum í gott skap.



**RETRÓ SMÁRALIND, FRÁ 12.990 TIL 15.990 KR.**
Flottar hettupeysur eru alveg málið nú í sumar og það sem er enn betra er að Nikita á heiðurinn.




**HOME ART Í SMÁRALIND, FRÁ 890 TIL 1.990 KR.**
Gaman er að brjóta aðeins út af vananum, Home Art í Smáranum býður upp á rosalega mikið úrval af skemmtilegum snögum frá 890 til 1.990 kr.



**BODY SHOP Í SMÁRALIND**
Ilmolíur fyrir heimilin eru alveg málið, smá „dash" getur gert gæfumun og kostar ekki nema 490 kr.



**TIGER Í SMÁRALINDINNI**
Fallegir diskar og flottir í garðpartíin í sumar og kosta ekki nema 400 kr.



**TE OG KAFFI Í SMÁRANUM Á 275 KR.**
Hver segir nei við dönskum handgerðum brjóstsykri?

# Nýjar perur





## Tilboð

á 10 tíma kortum
til 10. maí:
**4.900 kr**



Opnunartímar:
Virkir dagar: 9-23
Laugardagar: 9-22
Sunnudagar: 10-22

Sími: 571 7171



megasól
S.571 7171

megasól er stadsett vid Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti.

LÍKT OG SEGIR Í LAGINU: „ER SUMARIÐ KOM YFIR SÆINN OG SÓLSKINIÐ LJÓMAÐI UM BÆINN. OG VAFÐI SÉR HEIMINN AÐ HJARTA, ÉG HITTI ÞIG ÁSTIN MÍN BJARTA.“ SUMARIÐ ER YNDISLEGT.

# MEÐ SUMAR Í HJÖRTUNUM UNGUM

**Stílistar:** Ás **Förðun:** Sigga Lena, EMM School of Make up.



SAMFESTINGUR: CENTRUM
SKÓR: GLAMÚR
HÁLSMEN: GLAMÚR OG GYLLTI KÖTTURINN
SUNDBOLUR: SPÚÚTNIK



KJÓLL: SPÚÚTNIK
HÁLSMEN OG
SKÓR: GYLLTI KÖTTURINN
LEGGINS: GLAMÚR



SKYRTA: GYLLTI KÖTTURINN
LEÐURBUXUR: SPÚÚTNIK
LEGGINGS: GLAMÚR



SKYRTA, VESTI OG PILS: GYLLTI KÖTTURINN
HÁLSMEN: GLAMÚR OG GYLLTI KÖTTURINN
SKÓR: GYLLTI KÖTTURINN

sigga@minnsirkus.is





# ÞÝSKA UNDRIÐ FRÁ ANTWERPEN



BERNHARD WILLHELM ER FÆDDUR Í ULM Í SUÐUR-ÞÝSKALANDI Í NÓVEMBER 1972. HANN LÆRÐI FATAHÖNNUN Í ANTWERPEN EN HEFUR EINNIG LÆRT HJÁ FRAMÚRSKARANDI HÖNNUÐUM Á BORÐ VIÐ WALTER VAN BEIRENDONCK, ALEXANDER MCQUEEN OG DIRK BIKKEMBERGS. HANN KYNNTI SÍNA FYRSTU KVENFATALÍNU Á TÍSKUVIKUNNI Í PARÍS ÁRIÐ 1999. ÁRIÐ 2000 BÆTTI HANN SVO INN LÍNU FYRIR KARLA. ÞRÁTT FYRIR AÐ HAFA BYRJAÐ SINN FERIL Í ANTWERPEN ÁKVAÐ HANN AÐ FÆRA SIG YFIR TIL PARÍSAR. SÍÐAN ÞÁ HEFUR HANN STARFAÐ MIKIÐ MEÐ FYRIRTÆKI ROBERTS CAPUCCI OG ER ENN AÐ GERA GÓÐA HLUTI MEÐ HÖNNUN SINNI.












# EINI SÚLUSTAÐURINN Á LANDINU

*__Goldfinger__ er eini súludansstaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.*

*Auk glæsilegra kvenna, erum við með mikið úrval viskítegunda, óvíða er boðið upp á annað eins.*

*Á __Goldfinger,__ getur þú gengið að því vísu að hópur gullfallegra kvenna frá fjölmörgum þjóðlöndum leiki fyrir þig listir sínar og skemmti þér á ógleymanlegan hátt.*

*Komdu á __Goldfinger,__ og njóttu þín í funheitri stemmningu öll kvöld frá klukkan 20.*

GOLDFINGER

Smiðjuvegi 14 • Kópavogi • Sími: 577 4230 • www.goldfinger.is



NYLON-STELPURNAR HAFA VERIÐ AÐ TÚRA BRETLAND Á MILLJÓN UNDANFARNAR VIKUR. STELPURNAR HALDA UPPI LÍFLEGU BLOGGI Á SÍÐUNNI MINNSIRKUS.IS SEM HEFUR SLEGIÐ Í GEGN. HÉR ER BROT AF BLOGGFÆRSLUM ÞEIRRA.

# NYLON Á MINNSIRKUS.IS

**Manchester MEN Arena 21.04.2006**

Fyrsta giggið með Westlife í gær – Þetta var alveg MEGA um það bil 9000 komnir í húsið þegar við duttum á svið. Við fengum reyndar ekki sándtest þannig að við vorum soldið óöruggar í þessu nýja umhverfi, en eftir fyrsta lagið vorum við komnar í gír og fyrr en varði vorum við búnar. Þetta leið svo hrikalega hratt. Svo var þetta náttúrulega hrikalega stórt allt og mikið. Svo eru bara aðrir tónleikar í kvöld.

**Við hlökkum ekkert smá til!**

**Manchester MEN Arena 22.04.2006**

Jæja nú eru tvennir tónleikar af 22 búnir. Nú var ræs snemma í morgun og beint af stað til Nottingham en þar erum við að spila með Westlife annað kvöld. Annars erum við að fá ferlega mikið af kveðjum að heiman á e meilin okkar og í símana og fólk er að segja okkur að það sé að fíla nýja lagið okkar Losing a Friend. Við erum ferlega glaðar að heyra það því við vorum aðeins nervusar að setja það í spilun heima þar sem það er í fyrsta sinn sem við sendum lag frá okkur á ensku heima á Íslandi. En takk fyrir þessu frábæru viðbrögð.

**Nottingham Arena 24.04.2006**

Showið í gær gekk vel – úff enn og aftur að pakka niður og þeysast í næstu borg og taka upp dótið sitt á næsta hóteli! ha ha ha – að maður skuli vera orðinn vanur þessu:-)

Kær kveðja til allra heima – við söknum ykkar!

**Nottingham Arena 25.04.2006**

Í gær vorum við í Nottingham vorum í raun að klára þar. Ekkert gigg með Westlife í kvöld en við komum við í einum skóla og tókum lagið svona til gamans. Síðan lögðum við í hann yfir til Sheffield en þar komum við í hádeginu í gær en í dag erum við að spila í tveimur skólum og svo eru stórtónleikar með Westlife.

**Sheffield Hallam FM Arena 27.04.2006**

Síðustu tvo daga höfum við verið í Sheffield og vorum að koma til Birmingham. Fyrsta kvöldið okkar í Sheffield voru ekki Westlife tónleikar þar sem það var verið að setja upp sviðið og græjurnar í Hallam FM Arena. Við ákváðum því að skella okkur í bíó í ODEON og sáum American Dreamz. Ég bjóst svosem ekki við miklu, en þessi mynd kom mér skemmtilega á óvart!!

**Sheffield Hallam FM Arena 28.04.2006**
**Birmingham NEC Arena 29.04.2006**
**Birmingham NEC Arena 30.04.2006**

Jæja þá.. við vorum í Birmingham um helgina og vorum þar með tvenna tónleika á laugardags- og sunnudagskvöldið. Bæði kvöldin voru alveg hreint æðisleg, okkur fannst þó seinna kvöldið aðeins betra því að það var meiri stemmning í áhorfendum. En við erum með langþráðan frídag á morgun og ætlum að reyna að slaka aðeins á og jafnvel kíkja í ræktina, maður hefur saknað þess mikið að komast í ræktina og gufu og svoleiðis... En höfum þetta ekki lengra í bili :)

**Newcastle Metro Radio Arena 02.05.2006**
**Newcastle Metro Radio Arena 03.05.2006**

Allt vitlaust að gera í morgun. Rifum okkur í gang eldsnemma til að keyra til Wimbledon í myndatöku fyrir TV HITS sem er breskt unglingablað um popptónlist og bíómyndir. Við vorum í myndatöku á tennisvöllunum á Wimbledon þar sem þetta fræga tennismót er haldið einu sinni á ári. Mjög fyndið.

Síðan var síminn á fullu en við gátum ekkert svarað neinum í myndatökunni. Allir að láta heyra í sér og óska okkur til hamingju útaf Girls Aloud. Þetta var víst í fréttum heima í morgun en þetta var eitthvað sem við vissum auðvitað fyrir nokkru. Þetta eru frábærar fréttir fyrir okkur því auðvitað er þetta enn eitt frábæra tækifærið sem opnast fyrir okkur hérna í Bretlandi. Gæti í raun ekki verið að vinnast betur ef horft er til þess að smáskífan er að koma út rétt í þann mund sem við klárum Girls Aloud túrinn.

Við verðum náttúrulega að túra sömu tónleikahallirnar og með Westlife og þetta er náttúrulega bara bráðfyndið að við verðum orðnar heimavanar á Wembley þegar þessu lýkur. En þvílík forréttindi :-)

**Bestu kveðjur frá Wimbledon**

**Glasgow SECC 05.05.2006**
**Glasgow SECC 06.05.2006**
**Glasgow SECC 07.05.2006**

Hæ hæ. Vorum að klára þriggja kvölda maraþon í Glasgow. Þrennir tónleikar í röð og allir ferlega vel heppnaðir. Við fengum góða gesti frá Íslandi öll kvöldin og bara heimilisleg stemning hjá okkur. Á morgun pökkum við og rúllum í áttina til Aberdeen. Á leiðinni komum við við í tveimur skólum og tökum lagið þar og heilsum uppá krakkana. Svo eru tvennir tónleikar í Aberdeen síðan meiriháttar ferðalag þvert yfir England og til Brighton þar sem við verðum á föstudagskvöld. Síðan fer bara að styttast í að þessu ljúki með Westlife. Ótrúlegt en mér fannst þetta bara vera að byrja í gær.



útvarp X 97·7

## X-LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Tool | Vicarious |
| 2. | Mammút | Þorkell |
| 3. | Tony The Pony | Army Of The Sun |
| 4. | The Raconteurs | Steady As She Goes |
| 5. | Red Hot Chili Peppers | Dani California |
| 6. | Jakobínarína | His Lyrics Are Disastrous |
| 7. | Pearl Jam | World Wide Suicide |
| 8. | Angels And Airwaves | The Adventure |
| 9. | A.F.I. | Miss Murder |
| 10. | Dr. Spock | Pumas For Sharif |
| 11. | Hoffman | 60 secs Billy |
| 12. | Blue October | Hate Me |
| 13. | Nilfisk | Sometimes In The Summer |
| 14. | Wolfmother | Dimension |
| 15. | Jet Black Joe | 7 |
| 16. | Coldplay | Hardest Part |
| 17. | Avenged Sevenfold | Beast And The Harlot |
| 18. | Wulfgang | Machinary |
| 19. | Weezer | This Is Such A Pity |
| 20. | Placebo | Infra-Red |

**TÚLARARNIR Á TOPPNUM**



FM957

## ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Shakira / Wyclef | Hips Dont Lie |
| 2. | Nickelback | Savin Me |
| 3. | Nylon | Losing A Friend |
| 4. | Fall Out Boy | Dance Dance |
| 5. | Jack Johnson | Better Together |
| 6. | Beverly Knight | Piece Of My Heart |
| 7. | Pussycat Dolls | Beep |
| 8. | Gnarls Barkley | Crazy |
| 9. | Snorri Snorrason | Allt sem ég á |
| 10. | Kelly Clarkson | Walk Away |
| 11. | Drifskaft | 17 Years |
| 12. | Teddy Geiger | For You I Will |
| 13. | Cascada | Everytime We Touch |
| 14. | Fort Minor | Where'd You Go |
| 15. | Black Eyed Peas | Gone Going |
| 16. | Nick Lachey | Whats Left Of Me |
| 17. | Jeff Who? | Barfly |
| 18. | Pink | Stupid Girls |
| 19. | Eminem / Nate Dogg | Shake That |
| 20. | Ampop | Clown |

**SHAKIRA OG WYCLEAF ERU Í FYRSTA SÆTI ÍSLENSKA LISTANS**



# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.**

## SKEMMTISTAÐIR

## FÖSTUDAGURINN 12. MAÍ

### CAFE OLIVER
Ef þakið hefur einhvern tímann ætlað af Oliver, þá er það í kvöld. Það er nú bara ekkert öðruvísi því Dj J.B.K. & Addi Gísla trommari ætla að láta til skarar skríða.

### HVERFISBARINN
DJ Bjarki ætlar að trylla allt á dansgólfinu og fer létt með það. Þú getur ekkert gert í því annað en dansa með – eins og bavíani.

### BAR 11
Curver Thoroddsen ætlar að halda rokkabillíkvöld á Bar 11 í kvöld. Enginn sannkallaður rokkabillíaðdáandi á að láta þetta framhjá sér fara og ekki hinir heldur.




### VEGAMÓT
DJ Kári verður í banastuði bakvið borðið í kvöld. Dömurnar verða æstar á gólfinu og láta ekki sitt eftir liggja í sexappílnum. Kári kann sitt fag.

### PRVADA
Það verður svokallað exbé-kosningapartí með DJ Margeiri á græjunum frá kl. 21.00 til 00.00. DJ Áki Pain og DJ Kiddi Bigfoot taka svo við eftir miðnætti.

### CAFE VICTOR
Hljómsveitin Nó Pí spillar milli 23–01 til að hitta upp fyrir nóttina, Carlsberg 5 í fötu á 1700 og Hot and sweet á spottprís. DJ Jón Gestur (300) gerir svo kofann fokheldan um eittleytið og sér um að koma þér og þínum í fimmta eftir að Nó Pí hefur lokið sér af, mættu endalaust hress á Café Victor.



### PRIKIÐ
Í kvöld er þemað „Pimps'n'hoes"(Dólgar og skækjur). Að vanda starta þerrarnir í Friskó kvöldinu en fast á eftir þeim kemur Óli Hjörtur og Anna Brá.



### HRESSÓ
Á föstudaginn spilar Mát fyrir trylltan lýðinn og Dj Johnny tekur svo við af þeim. Það verður stanslaust fjör og fyndið gaman.

### SÓLON
Á Sólon í kvöld er það enginn annnar en Brynjar Már sjálfur sem sér um að halda stuðinu á lofti fyrir gesti staðarins. Allir velkomnir á Sólon.

### KLÚBBURINN
Í kvöld munu hinir stórgóðu trúbadorar Halli og Kalli halda uppi stuði fram á nótt. Mætið í stuði í dansskónum og hafið það hugfast að dansgólfið er til þess að dansa á.

### THORVALDSEN
Daddi diskó verður nú heldur betur frískur á Thorvaldsen í kvöld. Það er engu logið með það. Án djóks.

### KRINGLUKRÁIN
Labbi í Mánum, öðru nafni Ólafur Þórarinsson, fer hér af sinni alkunnu snilld fyrir hljómsveitinni Karma og verður hún með dúndur dansleik báða dagana um helgina.

### NASA
Hljómsveitin Ísafold mun trylla allt og tæta á Nasa í kvöld eins og sveitinni einni er lagið. Það verður feikinafjör og nóg af því. Já, nóg af því.

## LAUGARDAGURINN 13. MAÍ

### SÓLON
Niðri er það DJ Rikki G sem mun þeyta skífum en uppi er það DJ Brynjar Már, svo ekki láta ykkur vanta þar sem hinir vinsælu útvarpsmenn láta ljós sitt skína.



### NASA
Motion Trio verður með tónleika á Nasa í kvöld og verður húsið opnað klukkan átta en tónleikarnir hefjast klukkan níu. Eftir miðnætti tekur Bogomil Font ásamt hljómsveitinni Get Back með Gunnar Þórðarson í farabroddi við og heldur partíinu gangandi.

### GAUKURINN
Útvarpsþátturinn Rafræn Reykjavík verður með neðri hæðina undir danstónlist fram eftir morgni og á efri hæðinni verður Buddy Love að þeyta skífum um allan salinn. Frítt inn.

### HVERFISBARINN
Það verður enginn annar en DJ STEF sem sér um Hvebbann í kvöld. Það verður dúndrandi fjör og fríðar konur.

### THORVALDSEN
Daddi diskó veit nú heldur betur hvað hann syngur þegar kemur að danstónlist. Hann verður í banananananananananastuði á Thorvaldsen um helgina.

### CAFE OLIVER
Þau skötuhjú Susy & Elvis verða með allt undir kontról í kvöld á Oliver. Það verður enginn svikinn af þeirra skífuþeytingum og ættu allir að geta tekið tryllt tjútt.

### CAFE VICTOR
DJ Jón 300 mætir ber að neðan eftir góða spilamennsku síðustu helgi og spilar allt það besta í geimi fyrir þig. Það er bara ekkert annað.

### PRAVDA
DJ Áki pain á efri hæð Pravda skuldlausa og engin breyting verður þar á um helgina. Á neðri hæðinni verður það DJ Maggi flass sem sér um sína.

### HRESSÓ
Hljómsveitin Mát mun spila og svo ætlar Dj Johnny að taka við og fylgja okkur inn í nóttina. Það verður mega þegar hann sér um að halda stelpunum sveittum á dansgólfinu.

### KRINGLUKRÁIN
Labbi í Mánum verður með fjörið á færibandi í kvöld rétt eins og í gær.

### VEGAMÓT
Dj Sims og J-Masta sjá um að gera allt fokking vitlaust í kvöld eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það er líka ekkert sjálfsagðara því það er alltaf fjör á Vegamótum.

### BAR 11
Tónleikar með Andrúmi verða frá klukkan tíu til tólf en þá tekur Dj Palli í Maus við og verður fram undir morgun. Klassískt og enginn verður svikinn.

### PRIKIÐ
Farðu í rassgat… Pönkhljómsveitin Rass byrjar kvöldið um kl. 21, svo tekur Dj Teddy við. Put that in your pipe and smoke it.



### ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARINN
Það verður Gay pride-styrktarball á Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Þar mun DJ Páll Óskar sjá til þess að halda hommum, lesbíum, vinum þeirra og vandamönnum í dúndrandi stanslausu stuði langt fram á nótt. Miðaverð er aðeins kr. 1000 og rennur hver króna óskipt til Hinsegin daga svo skrúðgangan 12. ágúst megi verða hin glæsilegasta.

## LANDSBYGGÐIN

### DÁTINN FÖSTUDAGSKVÖLD
Luggage and handbag #4 munu sjá um stuðið í kvöld ásamt Skara Leibba + sveinum. Það er ekkert flóknara. Dátinn kann að djamma.

### SJALLINN LAUGARDAGSKVÖLD
Gullfoss og Geysir gera sér ferð norður og spila í Sjallanum og taka ekkert aukalega fyrir það.



### PLAYERS
Það verður fjör hjá Dan um helgina þegar hljómsveitin Í svörtum fötum leikur fyrir dansi á föstudagskvöldið. Á laugardagskvöldið verður það svo Geirmundur Valtýsson sem tekur við.

# Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

## LISTASÝNINGAR



### 101 GALLERÍ
Steingrímur Eyfjörð er með sýninguna Bein í skriðu og stendur hún yfir til 3. júní.

### GALLERÍ GALILEO
Myndlistarsýning Ernu Guðmarsdóttur. Á sýningunni eru 26 myndverk og myndefnið sótt í íslenska náttúru og stendur hún til loka mánaðarins.

### ANIMA GALLERÍ
Björg Örvar sýnir málverk á sýningunni Barnasaga/Fiskisaga og stendur hún yfir til 21. maí.

### CLASSIC ROCK
Myndlistarsýningin Slettur, á veggjum staðarins.

### ENERGÍA
Kristín Tryggvadóttir er með sýninguna Rauður þráður í Energíu. Ellefu myndir sem eru raunverulegar myndir úr mannlífinu. Málaðar með blandaðri tækni.

### GALLERÍ FOLD
Tryggvi Ólafsson er með málverkasýningu í Hliðar- og Efri salnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin er tileinkuð bróður listamannsins Lofti Ólafssyni er lést í nóvember síðastliðnum.

### GALLERÍ SÆVAR KARLS
Graeme Finn sýnir 300 teikningar sem mynda innsetningu í galleríinu.



### GALLERÍ ÚLFUR
Gallerí Boreas frá New York sýnir verk eftir Adam Bates í Galleríi Úlfi og heitir sýningin Sögur. Hún stendur yfir út maí.



### HALLGRÍMSKIRKJA
Sýning á olíumálverkum Sigrúnar Eldjárn stendur til 30. maí.

### KARÓLÍNA RESTAURANT
Joris Rademaker sýnir ný verk. Sýningin kallast Mjúkar línur.

### KETILSHÚSIÐ LISTAGILI
Soffía Sæmundsdóttir sýnir málverk á tré, striga og pappír. Sýningunni lýkur á sunnudag.

### LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS LAUGARNESI
1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textíll og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

### LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR
Fastasýning. Í safninu eru seldar gifsafsteypur af frumverkum listamannsins. Einnig eru til sölu bækur um listamanninn, kort af verkum hans, ásamt veggspjöldum af tveimur málverka hans.

### LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

### LISTASAFN ÍSLANDS
Gunnlaugur Blöndal – Lífsnautn og ljóðræn ásýnd og Snorri Arinbjarnar – Máttur litarins og spegill tímans.

### LISTASAFN REYKJANESBÆJAR
Sýningin Í EYGSJÓN? Sex færeyskir málarar.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN
Ásmundur Sveinsson – Maður og efni. Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR
Sýning sem sett er upp fyrir unga listunnendur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.

### LISTHÚS ÓFEIGS
Dominique Ambroise – Sjónhorn.

### REYKJAVÍKURBORG
Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst.

### AFMÆLISSÝNING LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR
Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir safnið ljósmyndaeign sína nær íbúum og gestum borgarinnar. Á útisýningu á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði gefst áhorfendum kostur á að kanna svæðið í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag.

### SAFN
Kristján Steingrímur Jónsson sýnir nýleg verk á grunnhæðinni. Sýning bandarísku listakonunnar Roni Horn heldur áfram.

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
Sýningin Huldukonur í íslenskri myndlist. Einnig er í gangi sýningin Vís er sá sem víða fer! Sýningaropnun á Þjóðminjasafni Íslands. Eftir heimsókn á Þjóðminjasafnið sköpuðu leikskólabörn myndlistarverk. Þau gerðu myndir af menningararfinum og starfsemi Þjóðminjasafnsins. Myndum barnanna var raðað saman í stóra mósaíkmynd sem áhugavert er að skoða. Velkomin á opnun útisýningarinnar, laugardaginn 13. maí kl 15.00.

### NÝLISTASAFNIÐ
Sýningin Gæðingarnir, með undirtitlinum „In order of appearance“, verður haldin í Nýlistasafninu 14. maí til 10. júní. Meðal verkanna á sýningunni eru kvikmyndir, verk gerð sérstaklega fyrir þessa sýningu, verk sem voru gerð í kjölfar heimsóknar listamannanna til Íslands 2005 og önnur verk sem voru sérstaklega valin með Ísland í huga.

### SAFN
Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Sýningarnar verða opnaðar laugardaginn 13. maí kl. 16.00 og verða opnar til 2. júlí. Auk verka eftir listakonurnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.

### MOKKA KAFFI
Nikulás Sigfússon sýnir vatnslitamyndir af íslenskum villijurtum til 15. maí.

## LEIKHÚS

### FÖSTUDAGURINN 12. MAÍ



### ÁTTA KONUR
Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis er hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kom sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir.

### STEFNUMÓT VIÐ PINTER
Málþing verður haldið á Stóra sviði Þjóðleikhússins klukkan 14 í dag. Meðal fyrirlesara er Michael Billington, Penelope Wilton, Martin Regal, Hávar Sigurjónsson og Stefán Jónsson. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

### VILTU FINNA MILLJÓN?
Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð húsbónda síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið gefur möguleikann á að breyta lífi hans á svipstundu.



### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara meðal annarra Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

# LAUGARDAGURINN 13. MAÍ

### ÁTTA KONUR
Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis er hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kom sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir.

### PÉTUR GAUTUR
Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið.

### NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
Barnasýning sem er samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins og er sett upp á Litla sviðinu. Verkið er byggt á fjölmörgum þekktum og minna þekktum íslenskum þjóðsögum þar sem mætast tröll, draugar, huldufólk og þorparar. Meðal sagna verksins eru Gilitrutt, Bakkabræður og Búkolla. Leikendur eru Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannesdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson. Leikstjórn er í höndum Ágústu Skúladóttur.

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist.



### VILTU FINNA MILLJÓN?
Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð húsbónda síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið gefur möguleikann á að breyta lífi hans á svipstundu.



# SUNNUDAGURINN 14. MAÍ

### UMBREYTING – LJÓÐ Á HREYFINGU – FRUMSÝNING
Smásögur, hugleiðingar sem aðeins brúður geta tjáð á sinn einfalda og áleitna hátt. Sögur án orða sem lýsa léttvægum og gamansömum aðstæðum hvunndagsins en kafa um leið í djúp mannssálarinnar.

### MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar hefur hreinlega slegið í gegn í Borgarleikhúsinu.

### HAFIÐ BLÁA
Þessi sýning er eftirlæti ungu kynslóðarinnar sem streymir í Austurbæ um helgar til að berja stjörnurnar augum. Jónsi, Matti úr Pöpunum og Halla Vilhjálms ásamt fleirum fara með aðalhlutverk í þessu verki.

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara meðal annarra Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### PÉTUR GAUTUR
Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru meðal annarra Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

### NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
Barnasýning sem er samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins og er sett upp á Litla sviðinu. Verkið er byggt á fjölmörgum þekktum og minna þekktum íslenskum þjóðsögum þar sem mætast tröll, draugar, huldufólk og þorparar. Meðal sagna verksins eru Gilitrutt, Bakkabræður og Búkolla. Leikendur eru Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannesdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson. Leikstjórn er í höndum Ágústu Skúladóttur.

### BELGÍSKA KONGÓ
Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### BELGÍSKA KONGÓ
Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### HUNGUR
Íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann og er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitskröfurnar eru svo óraunhæfar að netið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hungur er þriller um stjórnun, kynlíf, sjálfsaga, ást, fíkn, ímynd, fegurð og leit að fullkomnun.

# MÁNUDAGUR 15. MAÍ

### MARLENE DIETRICH – AÐEINS ÞRJÁR SÝNINGAR
Stórstjarnan Marlene Dietrich er sérstaklega þekkt fyrir að hafa skemmt hermönnum í kringum seinni heimsstyrjöldina. Hún var dáð jafnt af bandarísku hermönnunum sem og þeim þýsku. Söngur og skemmtun voru hennar leið til að berjast í stríðinu. Í verkinu Við erum öll Marlene Dietrich er sambandið milli stríðs og listar skoðað og spurt um tengslin milli þess að vera hermaður og listamaður. Verkið hefur slegið í gegn um allan heim.

# ÞRIÐJUDAGURINN 16. MAÍ

### MARLENE DIETRICH – AÐEINS ÞRJÁR SÝNINGAR
Stórstjarnan Marlene Dietrich er sérstaklega þekkt fyrir að hafa skemmt hermönnum í kringum seinni heimsstyrjöldina. Hún var dáð jafnt af bandarísku hermönnunum sem og þeim þýsku. Söngur og skemmtun voru hennar leið til að berjast í stríðinu. Í verkinu Við erum öll Marlene Dietrich er sambandið milli stríðs og listar skoðað og spurt um tengslin milli þess að vera hermaður og listamaður. Verkið hefur slegið í gegn um allan heim.

# MIÐVIKUDAGURINN 17. MAÍ

### MARLENE DIETRICH – AÐEINS ÞRJÁR SÝNINGAR
Stórstjarnan Marlene Dietrich er sérstaklega þekkt fyrir að hafa skemmt hermönnum í kringum seinni heimsstyrjöldina. Hún var dáð jafnt af bandarísku hermönnunum sem og þeim þýsku. Söngur og skemmtun voru hennar leið til að berjast í stríðinu. Í verkinu Við erum öll Marlene Dietrich er sambandið milli stríðs og listar skoðað og spurt um tengslin milli þess að vera hermaður og listamaður. Verkið hefur slegið í gegn um allan heim.




**Aðalvinningur:**

**PS2 tölva • Buzz Big Quiz kit • SingStar Rock kit**

Geggjaðir aukavinningar! PlayStation2 Tölvu • SingStar ROCKS kit
Buzz Big Quiz kit • Fullt af SingStar DVD • Buzz kit
Kippu af Pepsi Og margt fleira

D3 MOBILE





# FRUMSÝNT Á LITLA-HRAUNI

**LEIKFÉLAG MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI FRUMSÝNIR LEIKRITIÐ FYRIR LUKTUM DYRUM EFTIR FRANSKA HEIMSPEKINGINN JEAN-PAUL SARTRÉ Í ÞÝÐINGU ÁSGEIRS BERG MATTHÍASSONAR, SEM ER NEMANDI Í SKÓLANUM. VERKIÐ VERÐUR FRUMSÝNT Í DAG, FÖSTUDAG, Á LITLA-HRAUNI.**

Leikritið fjallar um þrjár manneskjur sem fara til helvítis. Öfugt við það sem þau halda þá er helvíti ekki jafn ógeðslegt og búist var við. En refsingin í helvíti var fólgin í því að þurfa vera saman í herbergi – sem reynist hið mesta helvíti,"segir Skúli Gautason leikstjóri leikritsins Fyrir luktum dyrum sem Leikfélag Menntaskólans á Akureyri frumsýnir á Litla-Hrauni í dag, föstudag.

**Af hverju var ákveðið að frumsýna á Litla-Hrauni?** „Af því að við vorum sammála því, öll sem unnum að verkinu, að þetta fær mann til að hugsa: hvernig get ég orðið að betri manneskju. Á Litla-Hrauni eru menn sem eru að vinna að því að verða betri menn og því langaði okkar að frumflytja verkið þar. Fangarnir eru ekki skikkaðir til að mæta á frumsýninguna heldur mæta bara þeir sem hafa áhuga."

**Eru þetta fínir krakkar í MA?** „Já, ég held ég geti fullyrt það að ég hafi aldrei unnið með jafn flottum krökkum eins og þessum. Þau gefa sleipustu atvinnuleikurum ekkert eftir. Það kæmi mér ekkert óvart að sjá þau nokkur vinna við leiklist í framtíðinni," segir Skúli Gautason leikstjóri að lokum, stoltur af krökkunum sínum.



KIRA KIRA

## SÝNINGIN ORÐIÐ TÓNLIST Í GALLERÍI HUMRI EÐA FRÆGÐ VERÐUR OPNUÐ Í DAG

# GJÖRNINGA-TÓNLEIKAR

„Þessi sýning er í tilefni af Fjölljóðahátíð sem er í samstarfi við Smekkleysu og Magnús Pálsson við Listahátíð," segir Ólafur J. Engilbertsson, einn þeirra listamanna sem sýna á sýningunni Orðið tónlist.

„Þessi sýning er líka í samstarfi við Listaháskólann og nemendur þar verða að sýna. Þetta eru þá nemendur sem hafa unnið verk í tengslum við hátíðina, Fjölljóðahátíðina. Þetta eru bókverk og það verða einnig verk eftir Finnboga Pétursson, Harald Jónsson, Kiru Kiru og svo verð ég líka með verk þarna," segir Ólafur. Þetta eru erlend fjölljóðaskáld sem eru að vinna með marga miðla, gera gjörninga og flytja ljóð. Þetta eru tónlistarmenn ekkert síður en skáld þannig að þetta eru eiginlega gjörningatónleikar. Megináherslan er á möguleika mannsraddarinnar til að skapa list á mörkum ljóðlistar og tónlistar. Hljóðljóðskáld eða fjölljóðaskáld hafa haldið hátíðir og komið fram víða erlendis, en aldrei hefur slík hátíð verið haldin hér á landi," segir Ólafur að lokum og að sjálfsögðu ánægður með framtakið.



SIGTRYGGUR

*SEJ*




HLUTI AF LISTAMANNAHÓPNUM

# SPURT OG SVARAÐ MEÐ THE GODFATHER

*Sp: Hvernig ferðu að því að vera svona fáránlega kynæsandi, G?*
*Kv, ein blaut.*



Sv: Eins og ég hef sagt margoft áður, þetta er vinna, vinna, vinna og vinna! En ég hef ekki þurft að standa í þessu einn. Ég hef haft marga góða vini og félaga sem hafa staðið með mér í gegnum súrt og sætt og ég vil nota tækifærið og þakka þeim öllum.

Ég vil byrja á því að þakka móður minni og föður fyrir að gefa mér frábær gen. Ég vil þakka Robba í Carter fyrir að hafa staðið við bakið á mér allan þennan tíma og slegið mig utanundir þegar ég hef beðið um að sleppa strípunum. Ég vil þakka Svavari í Fitness Sport fyrir að láta mig líta út eins og vel skúlptaða styttu, án þín væri ég ennþá 60 kíló. Ég vil þakka Lindarsól fyrir að hafa gefið mér base-tan. Ég vil þakka prinsessunum í Fyrir&Eftir fyrir að redda mér keppnistani með litlum fyrirvara. Ég vil þakka öllum lyftingafélögum mínum sem hafa þurft að sætta sig við fullkomnunaráráttuna í mér og ekki gefist upp, Arnar Grant, Maggi Bess, Svavar Sig, Benni Magg, Stebbi Sö, Reynir, Bruno og Hjöbbi Ká, ég á ykkur mikið að þakka.

*Sp: Blessaður G-father*
*Heyrðu, ég er í þvílíkum bobba. Þegar ég er að taka hnébeygju þá lekur pungurinn á mér alltaf út úr stuttbuxunum þegar ég beygi mig niður. Hvað á ég að gera?*
*Kv, einn með eistu.*



Sv: Þú ert ekki eini gæinn sem átt við þetta vandamál að stríða, félagi. Ég á félaga sem heitir Guðmundur Pungþór Guðjónsson, hann er lögreglumaður og á heima á Patreksfirði. Hann er þekktur fyrir gríðarlega stóran, þykkan og langan pung. Hann gat aldrei farið í ræktina greyið þangað til að kvartbuxurnar komu inn. Núna getur Pungþór tekið hrikalega á því í gymminu án þess að það líði yfir fólk í kringum hann. Kvartbuxaðu þig, dreng.

*Sp: Whats up G. Heyrðu meistari, ég er að fara að huzzla eina kjeeellingu núna um helgina. Ég var að pæla í að bjóða henni á leiksýninguna ALF – Andspyrnuhreyfing ljóta fólksins sem Leikfélag Kópavogs er að setja upp. Bjarni töframaður og einhverjir fleiri þvílíkt fyndnir gæjar sömdu þetta. Myndi það ekki svínvirka? Væri það ekki bara HomeRun eins og við félagarnir myndum orða það?*
*Kv, einn hrifinn.*



Sv: Viltu ekki bara í leiðinni bjóða henni heim til þín þar sem hún getur horft á þig kúka í svona tvo klukkutíma, síðan geturðu skellt Star Wars í tækið og tekið Jedi trick með kústskaftinu heima hjá þér á meðan þú talar klingonsku. Ertu þroskaheftur!! Það gerir hana jafn horny að horfa á þig kúka í tvo klukkutíma eins og að fara á tveggja tíma leikrit með Bjarna töframanni. Þetta er samt rosalega góð hugmynd ef að þetta er dama sem þú nennir ekki að deita lengur og vilt hætta með henni quick and painful.

*Sp: G. ég fór með dömu um daginn í Laugarásbíó og í röðinni svindluðu sér einhverjir gæjar fyrir framan mig og deitið mitt. Ég vildi náttúrulega ekki líta út fyrir að vera einhver aumingi þannig ég sagði:„Fyrirgefið herramenn, hér er röð og hana ber að virða!" Þeir köstuðu bara sígarettu í mig og sögðu mér að hætta að grenja. Ég hafði bara ekkert svar við þessu og ég leit út eins og algjör auli. Ég þarf síðan væntanlega ekkert að segja þér það að ég þurfti að kreista kjúklinginn þetta kvöldið því að ekki vilja dömurnar menn sem láta vaða yfir sig. Hvað gerir maður þegar maður lendir í svona yfirgangi og vitleysu?*
*Kv, einn ragur.*

Sv: Í fyrsta lagi ber þessi gæi enga virðingu fyrir ósonlaginu, hann ber enga virðingu fyrir þér og enga virðingu fyrir röðinni. Þú mátt ekki láta svona retharða komast upp með þetta. Ég skal segja þér nákvæmlega hvað þú áttir að gera. Um leið og hann kastaði sígarettunni í þig þá áttirðu að segja dimmraddað: „Hey hringormur, ætlarðu að taka þennan stubb upp, eða þarf ég að líma hann við skóinn á mér og reka hann upp í háruga bólugrafna rassgatið á þér?" Þá hefði gæinn strax orðið smá skelkaður því hann hefur haldið að þú værir eitthvað klikkaður. Hann hefði væntanlega komið með komment eins og: „Rólegur félagi þetta er bara sígaretta." Þá tekurðu upp hnefana á þér og segir dimmraddað: „Já þetta eru bara hnefar, en þegar ég byrja að sveifla þeim þá skilja þeir eftir sig allsvakalegan sóðaskap!"

Síðan hefðiru átt að byrja að kýla út í loftið eins og óður maður. Þá hefði hann hlaupið í burtu með jónssoninn á milli lappanna á sér. Ekki kýla gæjann samt, bara kýla út í loftið eins og brjálæðingur, þá hræðiru hann í burtu. Við beitum ekki ofbeldi.

*Sp: Hvenær ætlarðu eiginlega að læra það að útlitið skiptir ekki máli?!!?*
*Kv, einn að verða gjörsamlega brjálaður.*

Sv: Hvenær ætlar þú að læra að halda kjafti!

**G. hefur svarað.**
**Þangað til næst. Sææææææææælar!**
**Kv, Gillz**




Fender
60
DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006
HAPPY
BIRTHDAY
FENDER®
"I couldn't have done it without you."
ROOM SERVIC
B
A
D
THESE ARE CRAZY DAYS
Bryan Adams
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 / 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340